

Fyrir gerðarpöla mætir Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Umboðsmenn aðilja samþykkja að gerðin fari fram hér.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eignum gerðarpöla, Ewalds Berndsens, 1/6 hluta í neðri hæð og kjallara húseignarinnar nr. 6 við Engihlíð, 1/6 hluta í kjallaraíbúð að Flókagötu 57, 1/6 hluta í allri húseigninni nr. 15 við Þverholt, 1/6 hluta í fasteigninni nr. 13 við Ránargötu og 1/6 hluta í fasteigninni nr. 4 við Bókhlöðustíg.

Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarpöla frá fjárnáminu.

---

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 19/1968. **Knútur Kristinnsson f. h. Ewalds Berndsens**  
(Guðlaugur Einarsson hrl.)

gegn

**Jóhanni Steinasyni og Kristjáni Eiríkssyni**  
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar 1968, með stefnu 8. febrúar 1968 skotið til Hæstaréttar sáttargerð á bæjarþingi Reykjavíkur 16. marz 1967 fyrir fulltrúa yfirborgardómara, Birni Þ. Guðmundssyni, þar sem stefndi Kristján sem lögráðamaður áfrýjanda Ewalds og hans vegna undirgekkst að greiða stefnda Jóhanni kr. 800.600.00 auk vaxta og málskostnaðar. Var sátt þessi gerð samkvæmt skriflegu samkomulagi aðilja, er þeir höfðu undirritað og lagt fram á dómþinginu, og verður eigi séð, að héraðsdómarinn hafi á neinn hátt lagt dóm á gildi sáttarinnar.

Er mál þetta var fyrir tekið í Hæstarétti 2. desember 1968, var þess krafizt af hendi stefndu, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda yrði dæmt að greiða þeim máls-

kostnað fyrir Hæstarétti. Munnlegur málflutningur fór því næst fram um þessar kröfur stefndu. Í þeim þætti málsins krafðist áfrýjandi þess, að frávísunarkröfu stefndu yrði hrundið og að þeim yrði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Lagaheimild brestur til að áfrýja til Hæstaréttar dómssátt þeirri, er að framan greinir. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómssátt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 16. marz 1967.

Var þá tekið fyrir: 63<sup>o</sup>—222/1967: Jóhann Steinason gegn Ewald Berndsen.

Stefnandi, Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður, sótti þing sjálfur og lagði fram nr. 1—3 stefnu, yfirlýsingu og sátt. . .

Af hálfu stefnda sótti þing Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður.

Með aðiljum varð svofelld sátt:

„Stefndur, Kristján Eiríksson hrl. vegna Ewalds Berndsen, lofar að greiða hina umstefndu skuld, kr. 800.600.00, með 9% ársvöxtum af kr. 25.600.00 frá 24. 10. 1961 til 15. desember s. á., 9% ársvöxtum af kr. 175.600.00 frá þeim degi til 6. ágúst 1964, 9% ársvöxtum af kr. 240.600.00 frá þeim degi til 18. sept. s. á., 9% ársvöxtum af kr. 340.600.00 frá þeim degi til 25. 9. s. á., 9% ársvöxtum af kr. 465.600.00 frá þeim degi til 28. 9. 1964, 9% ársvöxtum af kr. 665.600.00 frá þeim degi til 30. sept. s. á. 9% ársvöxtum af kr. 765.600.00 frá þeim degi til 1. marz 1965, 9% ársvöxtum af kr. 800.600.00 frá þeim degi til 1. 7. 1965, 1% vanskilavöxtum á mánuði eða brot úr mánuði af kr. 800.600.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.920.00 í stimplikostnað og kr. 67.810.00 í málskostnað þann 18. marz 1967.

Reykjavík, 16. marz 1967.

Jóhann Steinason. Kristján Eiríksson“.

Sátt þannig gerð.

Jóhann Steinason. Kristján Eiríksson.